

Fimmtudaginn 29. desember 1960.

Nr. 1/1960. **Alþýðusamband Íslands f. h. Flugvirkjafélags Íslands** (Árni Guðjónsson hrl.)
 gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h.f. (Einar Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Flugvélstjórar. Dæmt, að flugfélagi hafi samkvæmt kjarasamningi verið skylt að greiða 3% af launum flugvélstjóra í sjúkrasjóð flugvirkja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 28. marz þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Flugvirkjafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h.f.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í málinu, að viðurkenndur verði sá skilningur hans á þriðju málsgrein 8. gr. kjarasamnings, dags. 11. febrúar 1957, milli aðilja máls þessa, að stefnda, Flugfélagi Íslands h.f., sé frá 11. febrúar 1957 skylt að greiða í Sjúkrasjóð Flugvirkjafélags Íslands 3% af greiddu kaupum þeirra flugvélstjóra, sem hjá félaginu vinna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. En fari svo, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina, áskilur stefndi sér rétt til skuldajafnaðar í sérstöku máli á þeim fjárhæðum, sem hann hafi greitt flugvélstjórum í veikindaforföllum þeirra á nefndu tímabili.

Málavextir eru þessir:

Með kjarasamningi, sem gerður var 11. febrúar 1957 milli Flugvirkjafélags Íslands og Flugfélags Íslands h.f., varð sú breyting á störfum og kjörum flugvirkja, að þeir sem gerðust flugvélstjórar, gegndu nú ekki lengur jöfnum höndum störfum á verkstæði félagsins á jörðu niðri og í

flugvélum, svo sem áður hafði verið. Voru störf flugvélstjóranna eftir gildistöku nefnds sammings bundin við vél-gæzlu í flugvélum á ferðum þeirra með þeirri undantekningu þó, að samkvæmt 25. gr. kjarasammingsins, er flugvélstjórum skylt að vinna allt að einum mánuði við flugvirkjastörf á jörðu, ef flugfélagið æskir þess. Jafnframt nefndri breytingu á störfum breyttust kaupgreiðslur í það horf, að flugvélstjórar fengu kaup sitt greitt mánaðarlega í stað þess, að flugvirkjar fá kaup sitt greitt vikulega.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. áðurgreinds kjarasammings, greiðir vinnuveitandi „3% álag á greitt kaup og rennur sú upphæð í sjúkrasjóð Flugvirkjafélags Íslands“, eins og í sammingsákvæði þessu segir. Þetta ákvæði hefur nú orðið aðiljum sammingsins ágreiningsefni. Er það skoðun stefnanda máls þessa, að stefnda sé skylt að greiða 3% af kaupum allra félagsmanna Flugvirkjafélags Íslands, sem í hans þjónustu vinna, hvort sem þeir starfa sem flugvirkjar á verkstæðum eða gegna störfum sem flugvélstjórar. Byggir hann þá skoðun sína á því, að hér sé um að ræða almennt ákvæði í kjarasamningnum, sem eigi takmarkist við flugvirkjana sérstaklega, enda hafi annað aldrei komið til tals.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að 1.—19. gr. kjarasammingsins frá 1957 eigi aðeins við um flugvirkjana, en hins vegar séu þau ákvæði, sem að flugvélstjórum lúta, eingöngu í 20.—26. gr. hans. Eigi ákvæði 3. mgr. 8. gr. því ekki við þá. Þeir hafi með umræddum kjarasamningi orðið mánaðarkaupsmenn, og þar með fallið undir ákvæði laga um fasta starfsmenn og fengið veikindadaga samkvæmt því. Stefnda hafi því ekki borið skylda til þess að greiða þar að auki 3% af kaupum þeirra í sjúkrasjóð stefnanda, þar sem hann með greiðslu veikindadaga til flugvélstjóranna hafi leyst sjúkrasjóðinn undan þeirri skyldu og hlutverki að bera kostnað af veikindum þeirra.

Þegar litið er í heild á kjarasamning þann, er um ræðir í máli þessu og fyrirsögn hans „um kaup og kjör flugvirkja og vélstjóra“, virðist það að einhverju leyti hafa vakað fyrir sammingsaðiljum að greina í sundur ákvæðin um flugvirkjana annars vegar og vélstjórana hins vegar, þar sem störf

þeirra urðu, eins og raun gefur vitni, sitt með hvorum hætti. Í framkvæmdinni hefur þetta líka verið svo, að það eru fyrst og fremst flugvirkjar, sem um er fjallað í 1.—19. gr., en flugvélstjórar í 20.—26. gr. samningsins. Hins vegar hefur þessi skipting þó eigi orðið svo greinileg, að byggja megi alfarið á henni. Má þar benda á ákvæði 10. gr. og 11. gr., sem geyma ákvæði þess efnis, að fyrirmæli í þessum greinum taki ekki til vélstjóra eða gildi ekki þegar flugvirkjar starfa sem vélstjórar. Þá má benda á það, að innskotsákvæði milli 19. og 20. gr., sem er eins konar kafla-fyrirsögn, segir aðeins: „Eftirfarandi ákvæði þessa samnings gilda um kjör flugvirkja er þeir gegna vélstjórastörfum á flugvélum“, en setur engan veginn loku fyrir það, að áðurtalin ákvæði geti einnig gilt um vélstjóra. Loks sýnist ekki vera ágreiningur um það, að ákvæði 27. gr. um lifeyrissjóð gildi jafnt um flugvirkja og vélstjóra, en þar segir m. a.: „Leggja flugvirkjar fram 4% — fjóra hundr- aðshluta — af fastaskaupi, en flugfélögin 6% — sex hundr- aðshluta“. Hér virðist orðið flugvirki notað almennt um félagsmenn Flugvirkjafélagsins, hvort sem þeir starfa sem flugvirkjar eða vélstjórar í flugvélum.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, verður dómurinn að telja, að ákvæði 3. mgr. 8. gr. oftnefnds kjarasamnings geti bæði átt við um greitt kaup flugvirkja og flugvélstjóra, enda verður eigi séð, að önnur ákvæði kjarasamningsins útiloki þá niðurstöðu. Þá hefur eigi heldur verið sýnt fram á það, að aðiljar hafi orðið ásáttir um aðra túlkun á þessu samningsákvæði og ekkert hefur fram komið, sem bendi til þess, að fyrirsvarsmenn Flugvirkjafélagsins hafi við samningsgerð gefið stefnda ástæðu til að ætla, að hann yrði undanþeginn greiðslu á umdeildum 3% af kaupi flugvélstjóranna.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina og viðurkenna rétt hans til umrædds gjalds frá þeim tíma, er kjarasamningurinn tók gildi, 11. febrúar 1957.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefnda, Flugfélagi Íslands h.f., er skylt frá 11. febrúar 1957, að greiða í Sjúkrasjóð Flugvirkjafélags Íslands 3% af greiddu kaupi þeirra flugvélstjóra, sem starfað hafa hjá stefnda frá nefndum degi og eru félagsmenn stefnanda, Flugvirkjafélags Íslands.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Flugfélags Íslands h.f., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Flugvirkjafélags Íslands, kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.
